

**Sp.**

**835. Lög**

**[50. mál]**

um Siglingamálastofnun ríkisins.

(Afgreidd frá Sp. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 803 með þessari breytingu:

6. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skipar fasta starfsmenn Siglingamálastofnunarinnar að fengnum tillögum siglingamálastjóra. Fast starfsfólk Siglingamálastofnunarinnar tekur laun samkvæmt hinu almenna launakerfi ríkisins.

Skipaskoðunarmenn og skipamælingamenn skulu launaðir samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum siglingamálastjóra.

Ekki má siglingamálastjóri eða aðrir, sem eru í fullu starfi hjá Siglingamálastofnuninni, hafa á hendi störf, sem ósamrýmanleg eru stöðum þeirra. Þannig er þeim ekki heimilt að vinna nein þau störf fyrir einkaaðila eða félag, sem háð kunna að verða þeirra eigin mati sem starfsmanna Siglingamálastofnunarinnar.